

Miðvikudaginn 26. september 1973.

Nr. 133/1973: **Jóhanna Jónsdóttir**  
**Ármann Magnússon**  
**Sigurður H. Magnússon**  
**Svavar Magnússon**  
**Jóna G. Magnúsdóttir**  
**Jón H. Magnússon**  
**Kristín Þórarinsdóttir**  
**Björn Magnússon**  
**Magnús J. Magnússon**  
**Kristófer Magnússon og**  
**Bjarni Valdimarsson**  
 gegn  
**Önnu Magnúsdóttur og**  
**Einari Magnússyni**  
**f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar.**

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.**

**Kærumál. Frávísun.**

### **Dómur Hæstaréttar.**

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Rúnar Guðjónsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Með kæru 3. september 1973, sem barst Hæstarétti 21. s. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð aukadómþings Rangárvallasýslu 1. ágúst þ. á., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um frest. Sóknaraðiljar krefjast þess, að úrskurðinum sé breytt og þeim veittur umbeðinn frestur. Varnaraðiljar krefjast þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Lagaheimild skortir til kæru máls þessa, sbr. 1. tölulið 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðiljar greiði varnaraðiljum óskipt kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Kæra þessi er ófyrirsynju.

### D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðiljar, Jóhanna Jónsdóttir, Ármann Magnússon, Sigurður H. Magnússon, Svavar Magnússon, Jóna G. Magnúsdóttir, Jón H. Magnússon, Kristín Þórarinsdóttir, Björn Magnússon, Magnús J. Magnússon, Kristófer Magnússon og Bjarni Valdimarsson, greiði óskipt varnaraðiljum, Önnu Magnúsdóttur og Einari Magnússyni f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar, kærumálskostnað, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður aukadómþings Rangárvallasýslu 1. ágúst 1973.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. júlí s.l., er höfðað fyrir aukadómþinginu af Önnu Magnúsdóttur og Einari Magnússyni f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar, Leirubakka í Landmannahreppi, gegn Jóhönnu Jónsdóttur, Ármanni Magnússyni, Sigurði H. Magnússyni, Svavari Magnússyni, Jónu G. Magnúsdóttur, Jóni H. Magnússyni, Kristínu Þórarinsdóttur, Birni Magnússyni, Magnúsi J. Magnússyni, Kristófer Magnússyni og Bjarna Valdimarssyni með stefnu, útgefinni 4. janúar 1973.

Kröfur stefnenda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að ½ jörðin Leirubakkahóll í Landmannahreppi ásamt gögnum og gæðum, sem jarðarhlutanum fylgja og ber að fylgja, sé eign dánarbús Magnúsar Sigurðssonar, sem nú er undir opinberum skiptum, að viðurkennt verði með dómi, að taka beri til greina kröfu stefnenda fyrir skiptarétti Rangárvallasýslu um, að jarðarhlutinn verði skrifaður upp og virtur sem eign dánarbúsins, og loks, að stefndu verði „in solidum“ dæmd til að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu.

Í þinghaldi 4. júlí s.l. lýsti lögmaður stefnenda því yfir, að gagnaöflun af sinni hálfu væri lokið, eins og málinu væri nú háttað.

Lögmaður stefndu lýsti því hins vegar yfir, að hann teldi

gagnöflun ekki lokið, og krafðist frests til frekari gagnaöflunar.

Lögmaður stefnenda synjaði um frestinn fyrir sitt leyti og tók fram í því sambandi, að kröfur lögmanns stefndu um vettvangsgöngu í málinu væru með öllu löglausar og eigi þar ekki heima, og að því er snertir kröfu hans um frestun málsins til þess að leiða aðilja fyrir dóm, þá telur lögmaðurinn, að lögmaður stefndu hafi haft meira en nægilega fresti til þess að leiða aðilja sína fyrir dóm eða að leggja fram skriflegar skýrslur þeirra. Einnig gæti sá aðili, sem mættur var í þinghaldinu, komið skýrslu sinni að, áður en munnlegur flutningur færi fram.

Lögmaður stefndu óskaði þess, að málinu væri frestað í tvo mánuði, þar sem hann teldi nauðsynlegt, að farið væri á vettvang og stefnendurnir Anna Magnúsdóttir og Einar Magnússon bendi á mörk í túni á þeirri spildu, sem þau telja ekki selda Bjarna Valdimarssyni, og hús, sem ekki eru seld að þeirra álit. Einnig taldi hann nauðsynlegt, að stefnendur og Bjarni Valdimarsson verði samprófuð. Líka óskar lögmaður stefndu, að þau Svavar Magnússon, Ármann Magnússon og Jón Magnússon komi fyrir dóm.

Að öðru leyti eru málavextir þeir samkvæmt stefnu og öðrum gögnum málsins, að með úrskurði skiptaréttar Rangárvallasýslu, uppkveðnum 18. janúar 1972, var ákveðið, að opinber skipti skyldu fara fram í dánarbúi Magnúsar Sigurðssonar, Leirubakka. Af hálfu stefnenda, sem eru erfingjar í dánarbúinu, var því lýst yfir á skiptafundum í búinu 31. maí og 12. júní 1972, að þau teldu, að ½ jörðin Leirubakkahóll væri eign búsins. Var þar átt við þann helming jarðarinnar, sem föðurfaðir þeirra, Sigurður Magnússon, átti og bjó á. Aðrir erfingjar og Bjarni Valdimarsson andmæltu þessu, og Bjarni taldi sig hafa eignast jörðina með samningi.

Dánarbú Magnúsar Sigurðssonar var skrifað upp 2. maí 1970 af hreppstjóra Landmannahrepps ásamt virðingarmanni. Jóhanna Jónsdóttir, ekkja Magnúsar, og Jón, sonur hans, sögðu til eigna búsins, og var þar uppskrifuð og metin jörðin Leirubakki með Hóli og húsi á Leirubakka auk annarra eigna búsins. Með umboði, dags. 14. maí 1970, veittu erfingjar Jóhönnu umboð til þess að selja Bjarna Valdimarssyni á Selfossi jörðina Leirubakka ásamt húsum, rafstöð og öðrum hlutum, sem tilgreindir voru í skjali, sem fylgdi. Kaupsamningur var síðan gerður 15. maí 1970, en afsal gefið út 25. nóvember 1970. Í kaupsamningi var bætt við ofan línu með bleki „og Hól“, en í afsalinu er aðeins tilgreind

sala á Leirubakka, eins og í umboðinu. Með bréfi, dags. 14. nóv. 1970, til Jóhönnu Jónsdóttur mótmæltu systkinin Einar Magnússon og Anna Magnúsdóttir sölu á Leirubakkahóli með Leirubakka með þeim rökstuðningi, að Jóhanna hefði farið út fyrir umboð það, sem erfingjarnir veittu henni til sölu á Leirubakka. Það hefði aðeins náð til Leirubakkans. Dánarbúið hefði aldrei átt nema  $\frac{1}{2}$  Leirubakkahól og hefði sá jarðarhluti ekki átt að vera innifalinn í sölnunni. Hinir erfingjarnir hafa ekki viljað fallast á þetta og haldið því fram, að árið 1935 hafi Leirubakkahóll verið lagður undir Leirubakkann og síðan verið hluti af honum. Öll hús á Hólnum hefðu þá verið rifin og girðingar teknar niður og jarðirnar síðan verið nefndar Leirubakki.

Aðrir erfingjar búsins en Anna Magnúsdóttir og Einar Magnússon hafa lagt fram yfirlýsingu (dmskj. nr. 8) þess efnis, að í umboði til Jóhönnu um sölu á Leirubakka hafi einnig falizt heimild hennar til að selja Leirubakkahól, sakir þess að jarðirnar hefðu fyrir löngu verið sameinaðar undir heitinu Leirubakki. Það er þó vitanlegt, að í fasteignamatsbók og veðmálabókum sýslumanns-embættisins í Rangárvallasýslu eru þessar jarðir aðgreindar.

Mál þetta var þingfest 22. janúar s.l., og hefur síðan verið þingað í því 6 sinnum, síðast 4. júlí s.l. Þá lýsti lögmaður stefnenda því yfir, að af sinni hálfu væri gagnaöflun lokið, en lögmaður stefndu kvað hins vegar gagnaöflun ekki lokið af sinni hálfu og óskaði eftir 2ja mánaða fresti, en gagnaðili neitaði, og var þetta atriði þá tekið til úrskurðar. Lögmenn aðilja höfðu einnig í þinghaldi 29. marz s.l. haft frammi sams konar yfirlýsingar.

Í málinu hafa stefnendur og Bjarni Valdimarsson, kaupandi Leirubakka, komið fyrir aukadómþingið og gefið skýrslu, og í skiptarétti hafa fimm hinna stefndu gefið skýrslu í málinu, sjá dmskj. nr. 19. Lögmanni stefndu gafst þá færi á því að leggja spurningar fyrir stefnendur. Lögmaður stefndu hefur síðan 29. marz s.l. til 4. júlí s.l. fengið fjóra fresti til gagnaöflunar og vitnaleiðslna, og verður dómariinn að telja, að sá tími hefði átt að nægja til þess að ljúka gagnasöfnun, og verður því með tilliti til þess og andmæla lögmans stefnenda, enda er hér ekki um vettvangsmál að ræða, að synja um frekari frest í máli þessu.

#### Því úrskurðast:

Krafa Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmans um framhalds-frest verður ekki tekin til greina.